

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Tillaga að stjórnkerfisbreytingum og nýju skipuriti Mosfellsbæjar

Dags: 29. apríl 2023


Málsnúmer: 202210483

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagðar eru til eftirfarandi stjórnkerfisbreytingar og tillaga að nýju skipuriti Mosfellsbæjar.

- Lagt er til að starfsemi Mosfellsbæjar skiptist í fjögur fagsvið, tvö stoðsvið og tvær skrifstofur. Fagsviðin eru velferðarsvið, fræðslu- og frístundasvið, umhverfissvið og menningar-, íþróttar og lýðheilsusvið. Stoðsviðin eru fjármála- og áhættustýringarsvið og mannauðs- og starfsumhverfissvið. Skrifstofurnar eru skrifstofa bæjarlögmanns og skrifstofa umbóta og þróunar. Skipuritið taki gildi 1. september 2023.



- Hlutverk innri endurskoðunar verði skilgreint í skipuriti Mosfellsbæjar.
- Embætti bæjarlögmanns heyrir beint undir bæjarstjóra í nýju skipuriti. Verkefni verða óbreytt frá því sem nú er.
- Ný skrifstofa umbóta og þróunar verði stofnuð og starf skrifstofustjóra auglýst laust til umsóknar. Skrifstofan annast samhæfingu verkefna þvert á svið, innleiðingu umbótaverkefna, tækni og vefmál, upplýsingamiðlun, stafræna þróun og atvinnumál. Skrifstofan fái heimild til ráðningar á verkefnisstjóra í upplýsingatækni.
- Fjármáladeild verði breytt í fjármála- og áhættustýringarsvið. Auk núverandi verkefna mun sviðið fá aukna ábyrgð í innkaupamálum, áhættugreiningum og eftirliti með rekstri. Fjármála- og áhættustýringarsvið verði styrkt um eitt stöðugildi vegna aukinna verkefna. Starfi og

verksviði forstöðumanns fjármáladeildar verði breytt til samræmis við breytingar á starfsemi sviðsins. Samhliða verði starfsheiti fjármálastjóra breytt í sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs.

6. Mannauðsdeild verði breytt í mannauðs- og starfsumhverfissvið. Auk núverandi verkefna mun sviðið fara með rekstrar og þjónustuverkefni. Kjara og launadeild heyri undir sviðið ásamt þjónustuveri. Staða sviðsstjóra verði auglýst.
7. Nýtt svið menningar-, íþróttá- og lýðheilsusvið verði stofnað sem fer með íþróttamál, menningarmál og lýðsheilsuverkefni.
8. Þjónustu- og samskiptadeild verði lögð niður í núverandi mynd og ábyrgð á verkefnum verði skipt á milli bæjarlögmanns, menningar-, íþróttá- og lýðsheilsusviðs, mannauðs-, og starfsumhverfissviðs og skrifstofu umbóta og þróunar. Starf forstöðumanns verði lagt niður frá 31. ágúst 2023 að telja. Samhliða skal forstöðumanni boðið starf sviðsstjóra menningar-, íþróttá- og lýðheilsusviðs. Upphaf starfs skal miðast við 1. september 2023 að telja.
9. Velferðarsviði verði skipt í þrjár fageiningar, félagsþjónustu, barnavernd og málefni fatlaðs fólks. Sérstök deild um málefni fatlaðs fólks verður sett á laggirnar og ný staða stjórnanda í málaflokknum verði stofnuð og auglýst. Ráðgjöf vegna fatlaðra barna færast frá velferðarsviði yfir á fræðslu og frístundasvið.
10. Umhverfissviði verði skipt upp í fimm fageiningar, Veitur, skipulagsmál, byggingarmál, umhverfi og framkvæmdir og eignasjóð. Hlutverk umhverfisstjóra verði aukið með því að fela viðkomandi yfirumsjón með framkvæmdum til viðbótar við verkefni á sviði umhverfismála. Laus staða umhverfisstjóra verði auglýst. Ábyrgð á kaupum og rekstri á félagslegu húsnæði verði á hendi eignasjóðs í stað velferðarsviðs.
11. Fræðslu- og frístundasviði verði skipt í fjórar fageiningar, grunnskólamál, leikskólamál, frístundir og skóla- og ráðgjafþjónustu. Starfandi sviðsstjóra fræðslu og frístundasviðs verði falið að gegna starfinu til 1. júní 2024 og auglýsing á lausu starfi sviðsstjóra verði frestað í eitt ár.
12. Starfsheiti stjórnanda sviða verði sviðsstjóri í stað framkvæmdastjóri eða forstöðumaður, eins og núgildandi skipurit kveður á um.
13. Lögð er til 27 m.kr fjárveiting vegna stjórnkerfisbreytinga á árinu 2023 og lagt til að sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falið að gera viðauka vegna breytinganna. Fjárhæðin skiptist með eftirtöldum hætti:
 - a) 5 m.kr. vegna innleiðingarverkefna sem tengjast breytingunum, s.s. lykluverkefna á sviðum og deildum, starfslýsingar ofl.
 - b) 10 m.kr. vegna ráðningar verkefnisstjóra í upplýsingatækni
 - c) 10 m.kr. vegna aukinna verkefna á fjármála- og áhættustýringarsviði, s.s. eftirlit með rekstri, innkaupastjórnun og áhættugreiningu.
 - d) 2 m.kr. vegna breytinga á launum tengt skipuritsbreytingu.
14. Lagt er til að bæjarstjóra verði falið að gera nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að hrinda breytingum á skipuriti Mosfellsbæjar í framkvæmd en ráðgert er að upphafstímamark ráðninga í eftirfarandi störf miðist við 1. september 2023. Í framangreindu felst einkum eftirfarandi:
 - a) Auglýsa laust til umsóknar og annast ráðningarferli fyrir starf skrifstofustjóra umbóta og þróunar.
 - b) Auglýsa laust til umsóknar og annast ráðningarferli fyrir starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfis.
 - c) Að tilkynna forstöðumanni þjónustu- og samskiptadeildar um niðurlagningu starfs. Jafnframt að bjóða forstöðumanni starf sviðsstjóra menningar-, íþróttá- og lýðheilsusviðs í nýju skipuriti án auglýsingar.
 - d) Að tilkynna fjármálastjóra um breytingar á starfi og verksviði í samræmi við ný og aukin verkefni sviðsins sem og um nýtt starfsheiti sviðsstjóra.

- e) Að ganga frá og undirrita tímabundinn samning við starfandi framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs sem gildi til 31. maí 2024 sem falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Starfsheiti breytist í sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs.
- f) Að annast nauðsynlegar breytingar á starfslýsingum sviðstjóra og annarra stjórnenda í tengslum við gildistöku nýs skipurits og kynna þær fyrir hlutaðeigandi.
- g) Að tilkynna stjórnendum um breytingar á starfsheitum, eftir því sem við á, við gildistöku nýs skipurits.
- h) Aðrar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir í tengslum við gildistöku nýs skipurits s.s. ráðningar í störf sem heyra undir bæjarstjóra, framkvæmdastjóra og forstöðumenn að auglýsa samkvæmt samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar.

Greinargerð:

1. Leiðarljós og markmið með nýju skipuriti og stjórnkerfisbreytingum

Leiðarljós við mótnun nýs skipurits Mosfellsbæjar er að horfa á verkefnin út frá megin áherslum sveitarfélagsins sem er að efla þjónustu við íbúa í takt við stækkandi sveitarfélag. Það þarf að skilgreina og skerpa á áherslum varðandi stjórnarhætti, efla greiningar, áhættu og árangursmat, samhæfa verkefni á milli sviða og deilda, nýta betur þá tækniþróun sem hefur orðið í samfélaginu og bæta aðbúnað starfsmanna.

Tillögur að nýju skipuriti og stjórnkerfisbreytingum koma í kjölfar stjórnarsýslu- og rekstrarúttektar Strategíu sem hefur staðið yfir á tímabilinu janúar til apríl 2023. Í úttektinni eru lögð til fjölmörg umbótaverkefni sem þarf að ráðast í á næstu mánuðum og árum, til að uppfæra stjórnkerfi bæjarins, bæta eftirlit og skilvirkni gagnvart bæjarbúum. Nánar tiltekið eru um 74 umbótatillögur að ræða sem þarf að vinna í áföngum.

Með því að nýta hæfni og þekkingu núverandi stjórnenda og starfsmanna með starfsþróun að leiðarljósi í bland við ráðningu nýrra leiðtoga á sviði mannauðs og starfsumhverfis og umbóta og þróunar er markmiðið að ná fram bættri þjónustu við bæjarbúa og betra starfsumhverfi fyrir starfsmenn. Liður í því er að bjóða þeim stjórnendum sem breytingarnar snerta nýtt hlutverk og starfslýsingar. Þá er lögð áhersla á að nýta vel það fjármagn sem er til ráðstöfunar en ekki hefur verið ráðið í allar þær stöður sem hafa losnað á undanförunum misserum, til þess að hafa tækifæri á að breyta störfum og áherslum í samræmi við tillögur í stjórnarsýslu og rekstrarúttekt Strategíu.

Samkvæmt samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar er ákvörðun um stjórnskipan og ráðningu starfsfólks í æðstu stöður sveitarfélagsins meðal verkefna bæjarstjórnar. Samhliða tillögum þessum er lögð fyrir bæjarráð tillaga um endurskoðun reglna um fyrirkomulag ráðninga í æðstu stjórnunarstöður í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í tillögu þessari.

Hér á eftir er gerð grein fyrir breytingum sem verða á öllum sviðum, ásamt rökstuðningi í samræmi við framangreint skipurit.

1.2 Nýtt skipurit

Nýtt skipurit samanstendur af fjórum fagsviðum, tveimur stoðsviðum og skrifstofum umbóta og þróunar og bæjarlögmanns. Árið 2014 var gerð stjórnkerfisbreyting í Mosfellsbæ þar sem staða bæjarritara var lögð niður og þrjár nýjar deildir settar á laggirnar, deild þjónustu og samskipta, fjármála og mannauðs. Unnið var út frá hugmyndafræði fléttuskipulags þar sem stoðdeildir komu þvert á starfsemi sviðanna. Þá var menningarsvið lagt niður samhliða. Forstöðumaður þjónustu- og samskipta var jafnframt staðgengill bæjarstjóra. Fjölmörg verkefni voru sett á nýju deildina, s.s. á sviði menningar og atvinnamála, upplýsingamála, reksturs bæjarskrifstofanna, stjórnarsýslu, þ.m.t. verkefni bæjarlögmanns og undirbúning funda bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Að mati ráðgjafa Strategíu hafa verkefni þjónustu- og samskiptadeildar liðið fyrir að vera of mörg og ólík sem hefur komið niður á gæðum vinnunnar. Með því að setja skrifstofu þróunar og umbóta ofar í skipuriti, þó að sviðsstjórar heyri einnig beint undir bæjarstjóra er verið að marka ákveðna sýn á mikilvægi umbótaverkefna. Skrifstofan hefur umfram skyldur í því að samhæfa áhersluverkefni bæjarstjórnar og ber ábyrgð á innleiðingu breytinga. Þá verði horft til þess að innleiða aðferðafræði verkefnastjórnunar, þar sem það á við.

Þá er hugmyndafræðin með staðsetningu skrifstofu bæjarlögmanns að gera hlutverk skrifstofunnar sýnilegt gagnvart bæjarráði og bæjarstjórn. Skrifstofan gegnir ekki eingöngu hlutverki sem stoðsvið heldur hefur ríka ábyrgð þegar kemur að stjórnarháttum og skilgreiningu á hlutverki og ábyrgð kjörinna fulltrúa og stjórnsýslunnar allrar.

1.3 Innri endurskoðun

Hlutverk innri endurskoðunar verði skilgreint í skipuriti Mosfellsbæjar, þar sem um mjög mikilvægt verkefni er að ræða sem gera þarf ráð fyrir í fjárhagsáætlunum Mosfellsbæjar þó að um aðkeypta vinnu verði að ræða.

Í tengslum við endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins hefur verið gerð endurskoðunarskýrsla þar sem farið er yfir stjórnarhætti. Það þarf að skerpa verulega á þeirri vinnu sem snýr að því að útfæra og skýra hlutverk, umboð og ábyrgð kjörinnar fulltrúa, stjórnenda og starfsmanna, s.s. í samþykktum og starfslýsingum. Þar er innri endurskoðun lykilaðili ásamt bæjarlögmanni og stjórnendum. Ennfremur er mikilvægt að taka einstaka rekstrareiningar Mosfellsbæjar út með reglulegu millibili, innkaup og verksamninga.

1.4 Skrifstofa umbóta og þróunar

Á skrifstofu umbóta og þróunar verða upplýsinga og samskiptamál, gæða og skjalastjórnun, innleiðing breytinga og samhæfing verkefna. Skrifstofa umbóta og þróunar mun gegna lykilhlutverki við innleiðingu á þeim umbótatillögum sem koma fram í skýrslu Strategíu en þær eru alls 74 talsins. Margar þeirra snúa að eflingu upplýsingatækni, samhæfingar, stafrænnar þróunar, miðlunar og verkefnastjórnunar. Sem dæmi má nefna stefnu um stafræna vegferð, þjónustustefnu, stefnu í skjalamálu og upplýsingatækniöryggi. Þá þarf að vinna áhættugreiningar tæknilegra innviða og huga að innleiðingu og fræðslu vegna tæknilegra lausna. Það er því mikilvægt að sá sem gegnir starfinu hafi hæfni og þekkingu á sviði verkefnastjórnunar, upplýsingatækni og árangursmati og hafi skýrt umboð bæjarstjóra til að innleiða verkefni og breytingar þvert á svið og deildir.

Skrifstofan mun sjá um utanumhald með fundum atvinnu og nýsköpunarnefndar.

Auk skrifstofustjóra verða á skrifstofunni verkefnastjóri vefmála, leiðtogi stafrænnar þróunar og skjalastjóri. Til þess að efla skrifstofuna enn frekar er lagt til að ráða verkefnisstjóra í upplýsingatækni en í dag eru upplýsingatækniverkefni útivistuð og kosta um 70 m.kr. á ársgrundvelli. Inn í þeirri fjárhæð er aðkeypt þjónusta þar með talin notenda aðstoð, rekstur kerfa og leyfisveitingar. Þá er lagt til að tímabundin verkefni sem styrkja stoðir sveitarfélagsins s.s. á sviði atvinnumála verði á skrifstofunni.

1.5 Embætti bæjarlögmanns

Bæjarlögmaður hefur heyrt undir forstöðumann þjónustu- og samskipta en vinnur mjög náið með bæjarstjóra og öðrum stjórnendum og er í ráðgefandi hlutverki gagnvart kjörnum fulltrúum. Bæjarlögmaður hefur setið vikulega stjórnendafundi bæjarstjóra og telst til eins af æðstu stjórnendum bæjarins þrátt fyrir stöðu í skipuriti. Tilfærsla í nýju skipulagi skýrir betur hlutverk, umboð og ábyrgð embættisins. Helstu verkefni bæjarlögmanns eru undirbúningur funda bæjarráðs og bæjarstjórnar, lögfræðileg álitaefni, kærur, umsagnir og persónuvernd og munu ekki breytast við þessa tilfærslu. Nýlega var ráðinn lögfræðingur sem sérhæfir sig í verkefnum á sviði skipulags og byggingarmála og er

lagt til að viðkomandi heyrir undir skrifstofu bæjarlögmanns, ásamt persónuverndarfulltrúa sem er í 20% starfshlutfalli ásamt verkefnisstjóra sem undirbýr m.a. fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar. Þá mun bæjarlögmaður hafa lykilhlutverki að gegna við að uppfæra og samhæfa samþykktir og starfslýsingar m.t.t. góðra stjórnarháttá, s.s. hvað varða afmörkun á hlutverki, umboði og ábyrgð einstakra stjórnareininga. Með eflingu skrifstofunnar er markmiðið að auka málshraða í stjórnsýslunni og styrkja vandaða stjórnarhætti hjá bæjarfélaginu.

1.6 Fjármála- og áhættustýringarsvið

Í skýrslu Strategíu koma fram fjölmargar ábendingar sem snúa að fjármálastjórn Mosfellsbæjar og þörf á að skerpa á hlutverkinu þegar kemur að fjármálaglum greiningum og setningu mælanlegra fjárhagslegra markmiða. Þá þarf að marka stefnu um fjármagnsskipan, áhættustefnu og fasteignastefnu. Einnig endurskoða innkaupastefnu, umboð og samningastjórnun og formfesta hlutverk, umboð, ábyrgð og ferli fjárhagslegra áætlana, verklegra framkvæmda, gjaldskrár og uppbyggingarverkefna.

Það er því þörf á að styrkja fjármála og áhættustýringarsvið, ekki síst þegar horft er fram á mikinn vöxt sveitarfélagsins samhliða erfiðum ytri aðstæðum og óhagstæðu vaxtaumhverfi þegar kemur að fjárfestingum og framkvæmdum. Markmiðið er enn fremur að halda betur utan um innkaup og samningagerð og ná þannig fram hagræðingu í innkaupum á móti auknum launakostnaði við rekstur sviðsins. Samhliða breytingum úr fjármáladeild í fjármála- og áhættustýringarsvið verði farið í endurskoðun á innra skipulagi sviðsins og verði þeirri vinnu lokið 1. september næstkomandi.

Starfi og verksviði forstöðumanns fjármáladeildar verði breytt til samræmis við breytingar á starfsemi sviðsins. Samhliða verði starfsheiti fjármálastjóra breytt í sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs. Hæfnismat hefur farið fram.

1.7 Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Tillaga 6 gengur út á að mannauðsdeild verði breytt í mannauðs- og starfsumhverfissvið. Sviðið fær þannig aukið vægi þegar kemur að innri rekstri Mosfellsbæjar, svo sem vegna húsnæðismála, starfsaðstöðu og almennum aðbúnaði. Verkefni verði auk þess á sviði kjaramála, starfsþróunar og ráðninga. Kjara- og launadeild heyrir undir sviðið ásamt þjónustuveri. Starfsheiti stjórnanda verði sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Markmið með staðsetningu þjónustuværs á mannauðs- og starfsumhverfissvið er áherslan á að efla innri þjónustu við starfsmenn Mosfellsbæjar og vinna að starfsþróun í takt við aukna sjálfvirknivæðingu ferla með stafrænum umbótum. Störfín í þjónustuverinu munu taka hvað mestum breytingum á næstu árum og því mikilvægt að hafa leiðtoga á sviði mannauðs og breytingastjórnunar til að stýra því ferli.

Til að laða að hæft starfsfólk til Mosfellsbæjar þarf að huga að þáttum eins og aðbúnaði, tækninýjungum, sveigjanleika, starfsþróun og skýrum starfslýsingum. Sviðsstjóri mannauðs og starfsumhverfis mun gegna lykilhlutverki í þróun á þessum þáttum.

1.8 Menningar-, íþrótt- og lýðheilsusvið

Menningar-, íþrótt- og lýðheilsusvið er nýtt svið sem fer með menningarmál, íþróttamál og lýðheilsuáttækni auk lýðræðismála á vegum Mosfellsbæjar. Í því felst yfirumsjón með söfnum Mosfellsbæjar, þ.e. bókasafni, héraðsskjalasafni og Hlégarði auk viðburða s.s. 17. júní, Í túninu heima ofl. Þá annast sviðið starfsemi íþróttamannvirkja að Varmá og Lágafellslaug og tengsl við félagasamtök á sviði menningar, íþrótt- og lýðheilsuáttækni. Þá heyrir einstaka þróunarverkefni sem tengjast sögu og menningu, s.s. vernd Álafoskvosar undir sviðið. Enn fremur gerð og innleiðing aðgerðaáætlunar í lýðheilsuáttækni. Þá heyrir lýðræðisverkefni undir sviðið, svo sem Barnvænt samfélag og Okkar Mosó.

Á menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviði verði utanumhald með fundum menningar- og lýðræðisnefndar og íþrótt- og tómstundanefndar í samstarfi við tómstunda- og forvarnarfulltrúa Mosfellsbæjar.

Unnið verði að nánari útfærslu á innra skipulagi sviðsins og lyklun verkefna og verði þeirri vinnu lokið fyrir 1. september næstkomandi.

Markmið með stofnun nýs sviðs á sviði menningar og íþróttamála er meðal annars að styrkja stjórnun í málaflokkunum. Íþróttamálin eru þriðji stærsti málaflokkurinn í rekstri bæjarins og nam rekstur æskulýðs- og íþróttamála rúmlega 1,4 milljarði á árinu 2022. Fram undan er mikil uppbygging í íþróttamálum, s.s. á Varmárvæðinu og í tengslum við uppbyggingu á Blikastaðalandinu og full þörf á að sinna vel þessum mikilvæga málaflokki. Þá er mikill metnaður í menningarmálunum en kostnaður við málaflokkinn voru tæpar 200 m.kr. á síðasta ári. Mosfellsbær tók nýlega yfir rekstur Hlégarðs og er nauðsynlegt að fylgja þeim breytingum vel eftir og finna rekstrinum farsælan stað til framtíðar litið. Þá þarf einnig að fara fram þarfagreiningu á húsnæðismálum Listaskólans, leikfélagsins og fleiri samtaka.

Lagt er til að forstöðumanni þjónustu- og samskiptadeildar sem hefur farið með verkefni menningarmála og viðburða auk lýðræðismála verði boðið starf sviðsstjóra menningar-, íþrótt- og lýðheilsamála. Hæfnismat hefur farið fram.

1.9 Niðurlagning þjónustu- og samskiptadeildar

Í skýrslu Strategíu koma fram fjölmargar ábendingar sem snúa að umbótum þegar kemur að verkefnum sem eru á ábyrgð þjónustu- og samskiptadeildar. Almennt má segja að verkefnin hafi verið of mörg og ólík í deildinni og snúið að rekstri bæjarskrifstofa, þjónustuvera, upplýsingamiðlun og tæknimálum, menningarmálum og viðburðum, atvinnumálum og stjórnsýslu, þ.m.t. verkefni bæjarlögmanns.

Það er þörf á að finna þessum verkefnum traustari farveg þar sem hlutverk, umboð og ábyrgð er skýrð. Færð hafa verið rök fyrir því að embætti bæjarlögmanns eigi að heyra beint undir bæjarstjóra þar sem verkefnin eru þess eðlis og reyndin er að starf bæjarlögmanns hefur þróast í þá átt. Þá er mikilvægt að menningarmálin fái aukna áherslu á sérstöku sviði ásamt því að þjónustuverið tengist umbótum í starfsumhverfi og aðbúnaði starfsmanna á vegum nýs mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Loks er þörf á auknum slagkrafti þegar kemur að innleiðingu á umbótaverkefnum, tækninýjungum og stafrænum lausnum. Þar þarf að fara saman skýrt umboð frá bæjarstjóra til innleiðingar á breytingum og afmörkun verkefna þannig að það fari ekki of mikill tími í starfsmannahald og rekstur á kostnað breytinga. Frá þjónustu og samskiptadeild færast 17 stöðugildi á fjögur svið, auk stöðugildi forstöðumanns.

Núverandi verkefnum þjónustu og samskiptadeildar verði skipt með eftirfarandi hætti:

- 1) Embætti bæjarlögmanns heyrir beint undir bæjarstjóra með skilgreindri ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd bæjarráðs og bæjarstjórnarfunda, samningagerð, persónuvernd, umsögnum og öðrum stjórnsýslu- og lögræðilegum verkefnum. Um er að ræða 2 stg. lögfræðinga sem færast á skrifstofuna frá þjónustu- og samskiptadeild auk 80 % stg. verkefnisstjóra og 20 % stöðugildi á sviði persónuverndar, eða 3 stg.
- 2) Menningarmál, þ.m.t. yfirumsjón með söfnum og viðburðum verði færð undir nýtt svið, menningar-, íþrótt- og lýðheilsusvið sem fer með íþrótt- og lýðheilsuáttum auk menningarmála. Um er að ræða 5,6 stg. í bókasafni, 1 stg. í héraðsskjalasafni og 1 stg. í viðburðahald, eða 7,6 stöðugildi sem færast á nýtt svið, menningar-, íþrótt- og lýðheilsu.
- 3) Samhæfing og umsjón með umbótaverkefnum heyrir undir skrifstofu umbóta og þróunar, sem og upplýsingatækni, stafræn þróun, vef og upplýsingamiðlun. Þá heyrir þróunarverkefni vegna atvinnamála undir skrifstofuna. Um er að ræða 1 stg. í upplýsingastjórnun og 1 stg. vefmála sem færast á skrifstofuna og 40% stg. skjalamála eða 2,4 stg.

- 4) Starfsemi þjónustuvers og innri rekstur, s.s. aðbúnaður og aðstaða fyrir starfsmenn, heyri undir mannauðs- og starfsumhverfissvið. Um er að ræða 4 stg. í þjónustuveri.

2 Núverandi fagsvið

Á núverandi fagsviðum verði skilgreindar fageiningar/deildir auk þess sem verkefni sem snúa að þjónustu við fagnefndir og innri reksturs innan hvers sviðs verði samhæfð fyrir bæjarskrifstofuna í heild. Unnið verði að starfslýsingum og lyklun verkefna í framhaldi af rekstrarúttekt Strategíu og verði þeirri vinnu lokið fyrir 1. október næstkomandi.

2.1 Velferðarsvið

Velferðarsvið fer með málefni fatlaðs fólks og eldri borgara, barnavernd, félagslega ráðgjöf og stuðning, húsnæðismál og málefni flóttafólks auk jafnréttismála. Sviðið annast undirbúning og framkvæmd funda velferðarnefndar, öldungaráðs og notendaráðs þjónustuvæðis Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps um málefni fatlaðs fólks.

Helstu breytingar á velferðarsviði sem tillagan kveður á um er stofnun sérstakrar einingar um málefni fatlaðs fólks og flutningur á starfi ráðgjafa í málefnum fatlaðra barna í skóla- og ráðgjafateymi á fræðslu- og frístundasviði.

Helstu ástæður þess að lagt er til að stofna sérstaka deild um málefni fatlaðs fólks eru breytingar í málafloknum, meðal annars með fjölgun fatlaðra einstaklinga sem sveitarfélagið annast þjónustu við og fjölgun búsetukjarna. Þá hafa komið fram ábendingar í tengslum við þjónustukannanir sem kalla á bættu þjónustu við fatlað fólk og aukið samráð. Mikilvægt er því að ráða sérstakan leiðtoga í málefnum fatlaðs fólks sem fari með faglega forystu í málafloknum, stuðning við stjórnendur í búsetu, þróun velferðartækni og virkniúrræða. Þá er í tillögunni lagt til að ráðgjöf við foreldra fatlaðra barna verði færð undir fræðslu- og frístundasvið og þar verði unnið að samhæfingu verkefna í anda farsældarlaga sem ná til ráðgjafar og stuðnings við börn og foreldra, innleiðingu farsældarhringsins, skólaþjónustu og forvarna- og frístundamál. Barnavernd verði áfram á velferðarsviði þar sem fagleg nálgun er að mestu leyti í gegnum vinnu með foreldra barna og félagslegar aðstæður.

Faglegar einingar á velferðarsviði verði því þrjár:

1. Félagsleg ráðgjöf og stuðningur þar sem helstu verkefni eru fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, móttaka flóttafólks, málefni eldri borgara og almenn félagsleg ráðgjöf.
2. Málaflokkur fatlaðs fólks þar sem helstu verkefni eru fagleg forysta í málefnum fatlaðs fólks, innleiðing breytinga, stuðningur við stjórnendur í búsetu, þróun velferðartækni og virkniúrræða.
3. Barnavernd sem fer með móttöku tilkynninga, könnun mála og stuðning í samræmi við barnaverndarlög.

2.2 Fræðslu- og frístundasvið

Fræðslu og frístundasvið fer með málefni grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila, forvarnarmála, íþróttamál og skólaþjónustu. Þá annast sviðið undirbúning og framkvæmd funda fræðslunefndar og ungmennaráðs.

Helstu breytingar sem lagt er til að verði á fræðslu og frístundasviði eru tilfærsla íþróttamála á nýtt svið. Fræðslu- og frístundasvið hefur verið með um 60 % af rekstri bæjarins undir sinni stjórn. Með flutningi íþróttamálanna gefst aukið svigrúm til að styðja betur við stjórnendur í grunn- og leikskólum til að takast á við krefjandi umhverfi. Þjónustukannanir benda til þess að það þurfi að styrkja ímynd skólustarfsins og þar reynir einnig mikið á stjórnendur í tengslum við starfsmannahald. Þá er í tillögunni lagt til að ráðgjöf við foreldra fatlaðra barna verði færð undir fræðslu- og frístundasvið og þar verði unnið að samhæfingu verkefna í anda farsældarlaga sem ná til ráðgjafar og stuðnings við börn og foreldra, innleiðingu farsældarhringsins, skólaþjónustu og forvarna- og frístundamál. Í

skólaþjónustunni starfa sálfræðingar, talmeinafræðingur og hegðunarráðgjafi og það myndi styrkja teymið mjög mikið að bæta við stöðu þroskaþjálfara með áherslu á fötluð börn. Þá starfar tómtunda- og forvarnarfulltrúi einnig á sviðinu en það er mikilvægt að efla tómtundaiðkun barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður, eru með hegðunarerfiðleika eða glíma við fötlun. Lagt er til að heiti skólaþjónustu verði breytt í skóla- og ráðgjafaþjónustu.

Fræðslu- og frístundasvið mun því skiptast í fjórar einingar samkvæmt tillögunni:

1. Grunnskólamál þar sem áhersla er meðal annars á faglega forystu í málefnum grunnskóla, stuðning við stjórnendur, innleiðingu menntastefnu og eflingu upplýsingatækni í skólum.
2. Leikskólamál þar sem áhersla er á faglega forystu í málefnum leikskóla, stuðning við stjórnendur, innleiðingu menntastefnu og almennt skipulag og þarfagreining m.t.t. uppbyggingar leikskóla.
3. Skóla- og ráðgjafaþjónusta þar sem áhersla er á stuðning við kennara og annað starfsfólk grunn- og leikskóla, ráðgjöf við börn og foreldra og samstarf við velferðarsvið vegna farsældar barna. Verkefni ráðgjafa í málefnum fatlaðra barna verði færð frá velferðarsviði í skóla- og ráðgjafaþjónustu.
4. Frístundaþjónusta þar sem helstu verkefni eru fagleg forysta á sviði frístundamála, stuðningur við stjórnendur í frístundastarfi, yfirumsjón með vinnuskóla og almennt tómtunda- og forvarnarstarf.

Starfandi framkvæmdastjóri hefur gengt starfinu frá 1. mars síðastliðnum þegar þáverandi framkvæmdastjóri sagði starfi sínu lausu. Það eru heilmiklar breytingar fram undan á sviðinu, meðal annars ráðning faglegra leiðtoga á sviði leikskólamála og grunnskólamála. Það er því mikilvægt að halda í þekkingu og reynslu núverandi stjórnanda og því er lagt til að starfandi framkvæmdastjóri gegni starfinu áfram tímabundið og gerður verði sérstakur samningur sem gildi til 31. maí 2024 og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Starfsheiti breytist í sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs.

2.3 Umhverfissvið

Umhverfissvið fer með skipulags- og byggingarmál, fasteignaumsýslu, verklegar framkvæmdir og útboð, umhverfismál og framkvæmdir á vegum bæjarins. Þá annast sviðið undirbúning og framkvæmd á fundum skipulagsnefndar og umhverfisnefndar. Helstu breytingar á umhverfissviði snúa að samþættingu á verkefnum á sviði umhverfis og framkvæmda. Í stað þess að skilgreina starf umhverfisstjóra sem tengilið við þjónustustöð þá er lagt til að auglýst verði eftir stjórnanda sem fari með umhverfis- og framkvæmdamál, þar með talið yfirumsjón með starfsemi þjónustustöðvar er varðar þjónustu við stofnanir, bæjarbúa og allar smærri viðhaldsframkvæmdir á eignum bæjarins að undanskildu húsnæði. Þar undir fellur snjómokstur, viðhald gatna og opinna svæða, garðyrkja, umsjón með dýrum, fjallskil og meindýravarnir. Þá er lagt til að kaup á félagslegu húsnæði og öll umsýsla í kringum það fari í gegnum eignasjóð eins og annað húsnæði í eigu bæjarins.

Umhverfissvið mun skiptast í fimm einingar:

1. Mosfellsveitur annast alla daglega umsjón og rekstur veitukerfa bæjarins, en undir eininguna heyrir vatnsveita, hitaveita og fráveita Mosfellsbæjar. Deildin annast öll minni viðhaldsverkefni og bráðaviðgerðir og bakvaktir vegna þeirra. Fagstjóri Mosfellsveitna vinnur með eignasjóði að þróunarverkefnum og undirbúningi framkvæmda er varðar veitur bæjarins.
2. Skipulagsdeild hefur umsjón með öllum skipulagsmálum sveitarfélagsins, hvort heldur er á sviði svæðisskipulags, aðalskipulags eða deiliskipulags. Skipulagsfulltrúi hefur umsjón með störfum skipulagsnefndar og annast samskipti við hagaðila og Skipulagsstofnun og hefur umsjón með gildistökuferli allra skipulagsáætlana sveitarfélagsins. Starfsfólk skipulagsdeildar

veitir ráðgjöf til einkaaðila um skipulagsmál og landamál. Þá annast deildin alla formlega uppskiptingu lendna og stofnun lóða og gerð lóðarblaða vegna allra nýrra deiliskipulaga.

3. Byggingarmál. Embætti byggingarfulltrúa þjónustar alla þá aðila sem sækja um byggingarleyfi vegna nýbygginga eða breytinga á hvers kyns mannvirkjum (hús, brýr, tengivirki, lagnir o.fl.). Þá veitir embætti byggingarfulltrúa ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja sem eru með framkvæmdir í sveitarfélaginu og annast allar úttektir og skráningar nýrra mannvirkja og er samskiptaaðili við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
4. Umhverfi og framkvæmdir. Hér undir heyrir öll starfsemi þjónustustöðvar er varðar þjónustu við stofnanir, bæjarbúa og allar smærri viðhaldsframkvæmdir á eignum bæjarins að undanskildu húsnæði. Þar undir fellur snjómokstur, viðhald og hreinsun gatna og opinna svæða, garðyrkja, umsjón með dýrum, fjallskil og meindýravarnir. Þá heyrja verkefni eins og náttúruvernd og dýravernd undir starfsemi umhverfis- og framkvæmdadeildar.
5. Eignasjóður. Hlutverk eignasjóðs er að annast allar framkvæmdir á vegum Mosfellsbæjar hvort heldur eru eignfærðar framkvæmdir svo sem nýbyggingar grunnskóla, leikskóla, íþróttamannvirkja og búsetukjarna eða annars húsnæðis í eigu bæjarins. Eignasjóður annast enn fremur viðhald mannvirkja í eigu og eftir atvikum í leigu bæjarins á sviði fræðslumála, íþróttamála, menningar eða velferðar. Þá annast eignasjóður allar eignfærðar nýframkvæmdir á sviði gatna og veitna Mosfellsbæjar og uppsetningu og tillögu að fjárfestingaráætlun bæjarins í nánú samráði við fjármála- og áhættustýringarsvið.

3.0 Fjárveiting vegna innleiðingu breytinga

Lögð er til 27 m.kr. fjárveiting vegna breytinganna á árinu 2023 sem skiptist með eftirtöldum hætti:

1. 5 m.kr. vegna brýnna innleiðingarverkefna s.s. gerð samþykka fyrir nefndir, lyklun verkefna á sviðum ofl.
2. 10 m.kr. vegna ráðningar verkefnisstjóra í upplýsingatækni.
3. 10 m.kr. vegna aukinna verkefna á fjármála- og áhættustýringarsviði, s.s. eftirlit með rekstri, innkaupastjórnun, áhættugreiningu.
4. 2 m.kr. vegna breytinga á launum tengt skipuritsbreytingu.

Á ársgrundvelli er um að ræða tvö stöðugildi og má áætla að árlegur kostnaður geti verið um 35 m.kr. vegna sérfræðinga í fjármálum og upplýsingatækni.

Þegar er gert ráð fyrir öðrum kostnaði sem tengist nýjum ráðningum í fjárhagsáætlun 2023 en lögð hefur verið áhersla á að ráða ekki í stjórnendastörf sem hafa losnað á árinu.

Um er að ræða eftirfarandi tilfærslu fjármagns:

1. Ráðning skrifstofustjóra umbóta og þróunar. Gert var ráð fyrir heilu stöðugildi verkefnisstjóra upplýsingamála og hálfu stöðugildi í þjónustuveri á árinu 2023 sem ekki hefur verið ráðið í vegna fyrirhugaðrar úttektar og er lagt til að fjármagn verði nýtt í stöðu skrifstofustjóra.
2. Ráðning sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Staðan er laus frá 1. júní vegna starfsloka mannauðsstjóra.
3. Ráðning sviðsstjóra menningar-, íþrótt- og lýðheilsamála. Samhliða niðurlagningu á þjónustu- og samskiptadeild verði núverandi forstöðumanni boðið nýtt starf sviðsstjóra. Fjármagn vegna stöðu sviðsstjóra verði því flutt frá þjónustu og samskiptadeild.
4. Ráðning umhverfisstjóra. Laust starf frá 1. mars síðastliðnum.
5. Ráðning faglegra leiðtoga á fræðslu- og frístundasviði. Tvær lausar stöður frá 1. júní að telja vegna fyrirhugaðra starfsloka verkefnisstjóra grunnskóla og leikskólafulltrúa.
6. Ráðning leiðtoga í málaflokki fatlaðs fólks. Með fjölgun fatlaðra einstaklinga sem Mosfellsbær annast kemur til aukið framlag frá jöfnunarsjóði sem nýtist til ráðningar leiðtoga í málaflokknunum.



Í skýrslu Strategíu kemur fram tillaga um að ráða gæða- og skjalastjóra auk upplýsingafulltrúa, til viðbótar við ofangreind störf og er lagt til að þær ráðningar frestist til ársins 2024, m.a. með tilliti til mögulegrar starfsmannaveltu.

*Virðingarfyllst,
Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri*

Fylgiskjal:

1. Skýrsla Strategíu.